



Sveinn flýgur fjöll.

SVEINSSAFN

Hafnarfirði, 12. nóvember 2015

BÆJARRÁÐ HAFNARFJARÐAR

Bt. Hr. Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóra Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Erindi: Beiðni um styrk til að standa straum af ófyrirséðum rafhitunarkostnaði Sveinssafns í Krýsuvík eftir að heitavatnsborholu, sem sá safninu fyrir upphitun, hefur verið lokað.

Ágætu bæjarráðsfulltrúar, kæri Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri,

ég undirritaður leyfi mér hér með fyrir hönd Sveinssafns og aðstandenda þess að fara þess á leit við Hafnarfjarðarbæ að hann auki stuðning sinn við Sveinssafn vegna þess neyðarástands sem skapast hefur í sambandi við upphitun Sveinshúss í Krýsuvík. Felst beiðni þessi í því að Hafnarfjarðarbær taki að sér fyrst um sinn að greiða húshitunarkostnað Sveinshúss í Krýsuvík þangað til að önnur lausn verður í sjónmáli. Safnið hefur í tveimur greinargerðum undanfarin tvö ár fært rök fyrir því að Hafnarfjarðarbær gerði menningarsamning við Sveinssafn m.a. vegna þeirrar menningarvörslu sem það hefur tekist á hendur í Krýsuvík, sem er gæsla og viðhald Sveinshúss, sem Hafnarfjarðarbær fékk safninu til varðveislu um síðustu aldamót og mikill fjöldi fólks hvaðanæva að hefur notið góðs af síðan. Ennfremur er mikilvægt að hafa í huga það stóra hlutverk sem safnið hefur gegnt í sambandi við endurreisn messuhalds í Krýsuvíkirkirkju frá því að Sveinn Björnsson, einn helsti listamaður Hafnarfjarðar, var jarðsettur þar og sem nú er verið að endurreisa með mikilli fyrirhöfn af nemendum og kennurum fyrrum Iðnskóla Hafnarfjarðar eftir að hún hafði verið brennd til grunna. Færi svo að Sveinssafn hyrfi úr Krýsuvík þegar Krýsuvíkirkirkja kæmi þangað nýreist er hætt við að lítið færi fyrir kristnihaldi þar eftirleiðis vegna þess lykilhlutverks sem Sveinssafn gegndi í messuhaldi hennar. Fjöldi fólks bíður nú með óþreyju eftir að þráðurinn verði tekinn upp á ný í samfélagi trúar og listar í Krýsuvík. Það er von mín að bæjarstjóri og bæjarfulltrúar okkar Hafnfirðinga skynji í ljósi núverandi aðstæðna hve afdrifaríkt það er að láta Sveinshús grotna niður af því að það reyndist of dýrt að kynda það. Það gæti orðið hlutskipti bæjarins að láta það viðgangast ef við aðstandendur safnsins neyðumst að gefast upp á rekstri þess eða einfaldlega missum móðinn.

Með nánast engum fyrirvara var okkur tilkynnt að aðgengi að jarðhita væri liðin tíð í Krýsuvík og að við yrðum þess í stað að kynda Sveinshús með rafmagni. Það undarlega í því máli er að í tvö ár hafði það verið ætlun HS veitna að knýja á um þessa rafmagnsupphitun skv. bréfi forstjóra HS veitna til bæjarstjóra Hafnarfjarðar en aldrei á þeim tíma var okkur gert viðvart. Það liggur því við að það megi taka svo til orða að þeir hafi í skjóli nætur lagt rafstreng frá Hafnarfirði og uppeftir í því augnamiði. Segir forstjóri HS veitna í bréfi til bæjarstjóra, sem hann hefur sent mér afrit af, að sú framkvæmd hafi kostað fyrirtækið rúmar 83 milljónir króna. Okkur finnst með nokkrum ólíkindum að Sveinssafn og Krýsuvíkursamtökin séu ástæðan fyrir 83 milljóna kr. fjárfestingu HS veitna í Krýsuvík án þess að á það hafi verið minnst við okkur. Varla getur verið um fleiri aðila að ræða sem kaupa myndu rafmagn til upphitunar í Krýsuvík? Eða getur hugast að þessi fjárfesting hafi miklu fremur verið hugsuð fyrir framkvæmdir við djúpholuborun sem

lengi hefur verið á dagskrá í Krýsuvík fremur en að til hennar hafi verið stofnað með okkar hagsmuni í huga. Að við séum kannski eins konar það á skákbörði átaka út af orkuvinnslu, vegna þess að HS veitur hafa einungis fengið rannsóknarleyfi en ekki viljrði fyrir áframhaldandi framkvæmdum þegar rannsókn lýkur?

Við aðstandendur safnsins brugðumst við ótíðindunum með því að fjárfesta í rafhitara og iðnaðarmönnum við að setja hann upp. Uppsetning hitakúts fyrir neysluvatn, sem hefði þurft að fylgja með í kaupunum, bíður síns tíma. Þetta eru miklar fjárfestingar fyrir veikburða listasafn:

Rafhitari: kr. 181.487*
Pípari: kr. 105.400
Rafvirki: Kr. 0 (Af velvilja í garð safnsins gaf hann vinnu sína)
Lágm. útgj. Kr. 286.887

Hitavatnsk.: Kr. 87.000

* Þegar greitt.

Eins og fram hefur komið í samskiptum Sveinssafns við forstjóra HS veitna, hr. Júlíus Júlíusson, liggur fyrir það mat starfsmanna fyrirtækis hans að húshitunarkostnaður safnsins í Krýsuvík mun verða um 500 þús kr. á ári og bætist sú upphæð við annan rekstrarkostnað safnsins í Krýsuvík og rekstrarkostnað húsnæðis þess í Hafnarfirði. Í bréfi Sveinssafns til HS veitna er spurt hvort fyrirtækið „geti sýnt það örlæti að búa svo um hnútanna varðandi orkugjald í Krýsuvík að þessi starfsemi geti lifað áfram, sérstaklega í ljósi þess að aðeins er um tvo aðila að ræða á svæðinu sem þurfa á upphitunarorku að halda og eru báðir að vinna þar mikilvægt hugsjónastarf. Ef vilji væri fyrir slíku samkomulagi gæti safnið lánað HS veitum listaverk í þakklætisskyni til að hengja upp í húsakynum fyrirtækisins væri áhugi fyrir hendi“. Í svari sínu við þessari málaleitan benti forstjórinn mér á: „[að heimildir HS Veitna til styrkveitinga eru mjög takmarkaðar samanber meðfylgjandi reglur Orkustofnunar. Þá liggur fyrir að HS Veitum er samkvæmt úrskurði Orkustofnunar óheimilt að vera með mismunandi gjaldskrá fyrir sambærilega notendur.](#)“

Okkur virðist því sem engrar hjálpar sé að vænta úr þessari átt. Þess í stað er blákalt gert ráð fyrir að við greiðum árlega þá upphæð sem samsvarar stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við safnið á ári, fyrir húshitun. Þetta er því nokkurs konar forsendubrestur frá því að við þáðum húsið að gjöf frá bænum gegn því að reka í því listasafn. Af þessum ástæðum og þeim sem raktar eru hér að framan er beiðni okkar um stuðning bæjarins sett fram.

Með vongóðum kveðjum,

f.h. Sveinssafns,

Erlendur Sveinsson, forstm.

Afrit af þessu bréfi er sent til fyrrverandi bæjarstjóra Hafnarfjarðar, Magnúsar Gunnarssonar, sem átti sinn stóra þátt í því að Sveinssafni var afhent Sveinshús til varðveislu og rekstrar um aldamótin síðust og gerði samning við safnið fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar þar að lútandi.

Að auki er afrit sent til eftirtalinna aðila:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar
Unnur Lára Bryde, bæjarfulltrúi og formaður menningarmálanefndar
Aðrir aðstandendur Sveinssafns.

Fylgiskjal: Viðbrögð Sveinssafns við afgreiðslu HS veitna á erindi safnsins varðandi lækkun húshitunarkostnaðar með rafhitara.